

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/172

2026/EES/36/29

frá 26. janúar 2026

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að færa 3-[3-(2-ísóprópýl-5-metýl-sýklóhexýl)-úreídó]-smjörσύruetýlestra á skrá Sambandsins yfir bragðefni og um leiðréttingu á tilteknum CAS-númerum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 <sup>(3)</sup> var samþykkt skrá Sambandsins yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Hinn 16. mars 2020 barst framkvæmdastjórninni umsókn um leyfi fyrir 3-[3-(2-ísóprópýl-5-metýl-sýklóhexýl)-úreídó]-smjörσύruetýlestra (FL-nr. 16.136) sem bragðefni til notkunar í ýmis matvæli sem falla undir nokkra af þeim matvælaflokkum sem um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var tilkynnt um umsóknina til að fá álit hennar. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina einnig aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Í álit Matvælaöryggisstofnunarinnar sem var samþykkt 16. desember 2024 <sup>(4)</sup> lagði hún mat á öryggi 3-[3-(2-ísóprópýl-5-metýl-sýklóhexýl)-úreídó]-smjörσύruetýlestra (FL-nr. 16.136) þegar efnið er notað sem bragðefni og komst að þeirri niðurstöðu að slík notkun við tillögð notkunarskilyrði hefði engan öryggisvanda í för með sér.
- 6) Þar eð notkun 3-[3-(2-ísóprópýl-5-metýl-sýklóhexýl)-úreídó]-smjörσύruetýlestra (FL nr. 16.136) sem bragðefnis hefur ekki öryggisvanda í för með sér samkvæmt tilgreindum skilyrðum fyrir notkun og ekki er búist við að þetta villi um fyrir neytendum þykir rétt að leyfa slíka notkun í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2026/172, 27.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1334/oj>.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/oj>.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2012/872/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/872/oj)).

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23, e9201, (<https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9201>).

- 7) Að auki eru skráningarnúmerin hjá upplýsingaþjónustunni um íðefni (CAS-nr.) sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 fyrir bragðefnin með FL-númerin 08.017, 08.127, 16.041 og 16.132 röng og það ætti að leiðrétta þau.
- 8) Því ætti að breyta og leiðrétta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það til að færa 3-[3-(2-ísóprópýl-5-metýl-sýklóhexýl)-úreídó]-smjörσύruetýlestra (FL-nr. 16.136) á skrá Sambandsins yfir bragðefni og til að leiðrétta CAS-númerin fyrir bragðefnin FL-nr. 08.017, 08.127, 16.041 og 16.132.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

Í töflu 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni sem varðar FL-nr. 16.135:

|         |  |              |      |  |  |   |       |
|---------|--|--------------|------|--|--|---|-------|
| „16.136 | 3-[3-(2-ísóprópýl-5-metýl-sýklóhexýl)-<br>úreídó]-smjörstyrueýtílestri | 1160112-20-8 | 2203 |  |  | Í flokki 1.7 – hámark 6 mg/kg<br>Í flokki 1.8 (einungis ostahljóðstæður) –<br>hámark 6 mg/kg<br>Í flokki 2.1 – hámark 8 mg/kg<br>Í flokki 4.2 (einungis grænmeti) –<br>hámark 8 mg/kg<br>Í flokki 8.2 – hámark 8 mg/kg<br>Í flokki 8.3 – hámark 8 mg/kg<br>Í flokki 9.2 – hámark 8 mg/kg<br>Í flokki 10.2 – hámark 10 mg/kg<br>Í flokki 12.2 – hámark 20 mg/kg<br>Í flokki 12.5 – hámark 10 mg/kg<br>Í flokki 12.6 – hámark 10 mg/kg<br>Í flokki 14.1 – hámark 1,7 mg/kg<br>Í flokki 15.1 – hámark 20 mg/kg | EFSA“ |
|---------|--|--------------|------|--|--|---|-------|

*II. VIÐAUKI*

Tafla 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað númersins í þriðja dálki færslunnar fyrir FL-númer 08.017 kemur „97-67-6“.
- 2) Í stað númersins í þriðja dálki færslunnar fyrir FL-númer 08.127 kemur „13794-15-5“.
- 3) Í stað númersins í þriðja dálki færslunnar fyrir FL-númer 16.041 kemur „150436-68-3“.
- 4) Í stað númersins í þriðja dálki færslunnar fyrir FL-númer 16.132 kemur „67604-48-2“.